

Essei ehf
Holtási 5
210 Garðabær

Reykjavík, 1. nóvember 2021
UST202110-084/B.B.B.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar – kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að sæfivaran, **Beauty Formulas Antibacterial Cleansing Hand Gel**, sem er til sölu í verslunum Hagkaupa, uppfylli mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Við eftirlit í Hagkaupum í Skeifunni þann 10. september sl. fannst umrædd vara til sölu sem fyrirtækið Essei ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á í skilningi efnalaga. Við skoðun vörunnar kom í ljós að hún uppfyllti ekki skilyrði um merkingar, sbr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013, 4. gr. reglugerðar nr. 878/2014, 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP), lið 1.2.1.4 í I. viðauka CLP og lið 3.2 í II. viðauka CLP, sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Essei ehf. frest til 15. nóvember 2021 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkingum fyrir vöruna Beauty Formulas Antibacterial Cleansing Hand Gel ásamt staðfestingu að bætt hafi verið úr frávikum vegna ápreifanlegrar viðvörunar. Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202110-084.

Umhverfisstofnun veitir Essei ehf. hér með frest til 8. nóvember nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 8. nóvember nk.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beiðingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdisbb@ust.is.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla